

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalda við byggðar götur í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Húseigendur í Seyðisfjarðarkaupstað skulu greiða til bæjarsjóðs Seyðisfjarðar gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi. Til útreiknings skal nota eftirfarandi einingartölur.

A. 1. Einbýlishús m/bifreiðageymslu að 400 m ³	kr. 156 000.00
2. Parhús að 400 m ³	— 125 000.00
3. Tvíbýlishús á 2 hæðum, tveggja hæða íbúðarhús m/allt að 4 íbúðum og raðhús á 1 hæð að 400 m ³	— 100 000.00
4. Raðhús á 2 hæðum að 400 m ³	— 75 000.00
5. Fjölbýlishús á 2 hæðum með allt að 8 íbúðum að 300 m ³	— 62 000.00
6. Fjölbýlishús á 3 hæðum eða fleiri, með fleiri en 8 íbúðum að 300 m ³	— 43 000.00
7. Verslunar- og skrifstofuhús að 400 m ³	— 156 000.00
8. Iðnaðarhús og vörugeymslur að 400 m ³	— 125 000.00
9. Umframstærðir í öllum húsum pr. m ³	— 50.00
10. Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir.	

B. Lóðarhafi greiði í gatnagerðargjald kr. 40.00 af hverjum m² lóðar.

C. Bifreiðastæði og heimreiðar greiða húseigendur sjálfir.

Öll gjöld eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í júlí 1975.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkv. 1. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem í gildi er þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald af fasteignum við götur, þar sem lagt hefur verið varanlegt slitlag og/eða gangstétt á síðustu fimm árum, skal miða við þær grunntölur, er í reglugerð þessari greinir.

3. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Lokagreiðslu skal ekki inna af hendi fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir 10% greiðast eftir á, á sömu gjalddögum, en falli niður af síðustu afborgun ef fullnaðarfrágangi götu er ekki lokið á gjalddaga.

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, næstu 2 ár eftir gjalddaga og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

5. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af eigendum fasteigna sem náð hafa 67 ára aldri, og þeim sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði húseign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gagnagerðargjaldi seld, skal bæjarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gagnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum íslenskra skipa í Norðursjó, Skagerak og á svæði VI (a) vestan Skotlands.

1. gr.

Frá og með 26. nóvember 1975 eru allar síldveiðar íslenskra skipa í Norðursjó og Skagerak bannaðar. Gildir þetta á svæði, sem takmarkast að norðan af 62° 00' n.br. að vestan af 4° 00' v.lgd. frá 62° 00' n.br. að strönd Skotlands og í Ermarsundi af 1° 00' v.lgd. Að austan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er milli Skagen og Pater Noster víta.

Enn fremur eru bannaðar allar síldveiðar íslenskra skipa vestan Skotlands, á svæði VI (a) samkvæmt korti Alþjóðahafnarsóknaráðsins. Svæði þetta markast að austan af 4° 00' v.lgd. frá strönd Skotlands að 60° 30' n.br. að norðan af 60° 30' n.br. vestur að 5° 00' v.lgd., þaðan af 60° 00' n.br. vestur að 12° 00' v.lgd., að vestan af 12° 00' v.lgd. suður að 54° 30' n.br. austur til strandar Írlands. Milli Írlands og Skotlands markast svæðið af 55° 00' n.br.

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varðar brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. mars 1960.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. mars 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 64 10. apríl 1975 um takmörkun á síldveiðum íslenskra skipa í Norðursjó, Skagerak og á svæði VI (a) vestan Skotlands.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. nóvember 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.